

Gallon ehf.
Borgartún 26
105 Reykjavík

14. janúar 2026
UOS2501412/S.H.J.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 30. október 2025 – ID 139

Þann 30. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í olíubirgðastöð Gallon ehf. á Reyðarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 1.11 í starfsleyfi. Uppfæra þarf lagnateikningar í stöðvarhúsi m.t.t. nafnabreytinga og breytinga á lögnum. Merkja skal geyma og lagnir skv. viðauka I í rg. 884/2017. Geymar og lagnir hafa verið merktar með fullnægjandi hætti og lagnateikning uppfærð. **Fráviki er lokað.**
2. Gr. 2.8 og gr. 3.3 í starfsleyfi. Bæta þarf skipulag í rekstrarhandbók skv. gr. 3.3 í starfsleyfi og fjarlægja úrelt öryggisblöð úr öryggismöppu svo gildandi blöð séu aðgengilegri. Skipulag rekstrarhandbókar og öryggismöppu hefur verið bætt. **Fráviki er lokað.**

Fjórar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Uppfæra þarf áætlun um tímabundna og varanlega rekstrarstöðvun sem og umhverfismarkmið.
2. Slanga við undantöppunarkar þarfnast endurnýjunnar.
3. Koma skal í veg fyrir uppsöfnun úrgangs innan lóðar með því að flytja úrgang reglulega til móttökustöðvar.
4. Starfsleyfi stöðvarinnar rennur út 31. janúar 2027. Sækja þarf tímanlega um endurnýjun starfsleyfis.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. 2. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Þegar olíugeymir er tekinn varanlega úr notkun skal rekstraraðili innan sex

mánaða fjarlægja olúgeyminn, ásamt lögnum honum tengdum. Á stöðinni er geymir sem hefur verið varanlega tekin úr notkun fyrir meira en 6 mánuðum en hefur ekki verið fjarlægður.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. febrúar 2026.

Virðingarfyllst,

Stella Hrönn Jóhannsdóttir

Teymi eftirlits

Kristín Kröyer

Teymi eftirlits